

Ísafjarðarbær

Bt. Skipulagsfullrúa og Bæjarstjórnar
v/ breytingar á deiliskipulagi íþróttasvæðis á Torfnesi

Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær

MÓTTEKID

29. ágú. 2017

Málsnr. 2017-03-0092
Frurnit - skilist til skjalasafns

Kæri Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar,

Ég hér með kem á framfæri mótmælum okkar undirritaðra vegna fyrihugaðrar breytingar á deiliskipulagi á Torfnesi sem auglýst var í júlí 2017. Í yfirferð okkar á gögnum sem við höfum aðlað okkur í gegnum heimasíðu Ísafjarðarbæjar og í tölvupóst samskiptum við þig teljum við að það sé engin stoð í "Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir þessari breytingu." Í samskiptum okkar hefur verið vísað í töflu 10.2 í greinargerð með aðalskipulagi er varðar reitinn Ú11 en eins og glöggt kemur fram í viðhengi, sem er útprentun á bls. 156 og 157 í greinargerð með aðalskipulagi er ekki minnst á Ú11 í töflu 10.2 heldur töflu 10.1. Þar er vísað í Ú11 - „Sjóvarnargarður við Pollgötu á Ísafirði“. Ekki verður með nokkrum hætti séð að aðalskipulag Ísafjarðarbæjar opni á byggingu risavaxins mannvirkis á Torfnesi. Greinagerðin með aðalskipulaginu fjallar mikið um þörfina á nýri sundlaug á Ísafirði sbr. grein 9.15, bls. 135 og einnig á bls. 154, sjá viðhengi, og að sundlaugin gæti risið við íþróttahúsið á Torfnesi en ekkert um að það eigi að reisa eitthvað annað mannvirkir þar líka. Ef vitnað er í texta á bls. 154 þá stendur „Gert er ráð fyrir því að íþróttaaðstöðu á Torfnesi verði haldið við og endurbætt eftir þörfum. Þar er jafnframt gert ráð fyrir því að reisa sundlaug, sjá kafla 9.1.5 um íþróttahús og sundlaugar.“ Greinilegt er að aðalskipulagið gerir ekki ráð fyrir neinum mannvirkjum til viðbótar ef frá er talið sundlaug. Það hefði átt að taka skýrt fram í aðalskipulagi ef opna ætti á byggingu á öðru íþróttahúsi eða fjölnota húsi. Það var greinilega ekki ætlun Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar með aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem staðfest var af Umhverfisráherra 31. mars 2010.

Með bréfi þessu fórum við fram á að Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar dragi til baka tillögu sína að breyttu deiliskipulagi íþróttasvæðis á Torfnesi þar sem hún á sér enga stoð í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og er þar af leiðandi ekki í samræmi við Skipulags- og byggingalög. Undirrituð lýsa jafnframt áhuga á samráði við Ísafjarðarbæ um skipulagsbreytingar á Torfnesi.

Til vara.

Fari svo óliklega að Bæjarstjórn verði ekki við beiðni okkar um að draga til baka deiliskipulagstilöguna, þar sem hún á sér enga stoð í aðalskipulagi, þá fórum við fram á að deiliskipulagstillagan verði dregin til baka þar sem hún sé svo illa unnin að ekki sé hægt fyrir eignendur Miðtúns 10 að leggja mat á hvaða áhrif hún muni hafa. Við höfum listað upp nokkur atriði sem sýna hversu illa unnin deiliskipulagstillagan er:

1. Sjónarhorn fyrir svona breytingu verður að vera betri en það sem kynnt er á uppdráttum. Af hverju er engin regla á hvernig útsýnið skerðist? Miðtún 10 virðist

horfa á ská út frá húsinu og sér þar af leiðandi ekki skerðinguna. Miðtún 12 virðist horfa beint út frá húsinu. Það er ekkert getið um i hvaða hæð þetta er tekið, þ.e. fyrstu hæð, annarri hæð eða frá þaki. Það virðist hafa verið haft meira samráð við íbúa fyrir ofan nýju stúkuna á grasvelliðum en varðandi þetta mikla mannvirki. Við deiliskipulagsbreytinguna 2011 virðist íbúum hafa verið kynnt skerðingin miðað við mismunandi staðsetningu stúkunnar en því er ekki fyrir að fara hér.

2. Af hverju er ekki hægt að taka ljósmyndir frá húsum, með hæðarkóta, og setja húsið inn inn í svoleiðis grunn? Ég er ekki að biðja um eins fullkomíð eins og Landvirkjun er að gera á suðurlandi <http://hvammur.landvirkjun.is/> (hugsa að Verkís hafi verið aðili að því) en eitthvað í áttina að því.
3. Hverjum dettur í hug að hafa svona stórt hús með eldrauðu þaki. Þetta verður eitt af stærstu húsum á Ísafirði með þann mest agressívasta lit sem til er. Húsið verður ofan í Miðtúninu. Afhverju er húsið á uppdrættinum set inn í mildum gráum lit ef það á að vera eldraut?
4. Það er vitnað í Deiliskipulag frá 2002 en nýtt aðalskipulag sem tók gildi 2008-2020 virðist ekki hafa þessa opnun fyrir fjölnota húsi, allavega ekki uppdráttur og greinargerð sem er á heimasiðu Ísafjarðar.

Þetta verður ein mesta breyting á skipulagi í tugi ára á Ísafirði og því verður að gera kröfum góð vinnubrögð og gott samráð við íbúa í næsta nágrenni. Þar sem breytingin hefur enga stoð í aðalskipulagi þá er verið að byrja á röngum enda með þessari kynninu á deiliskipulagsbreytingu fyrir íþróttasvæði á Torfnesi.

Með von um meira samráð milli íbúa og bæjaryfirvalda.

Kópavogi, 27. ágúst 2017



Ólafur Magnus-Bírgisson og Helga Þórdís Guðmundsdóttir
eigendur að Miðtuni 10 á Ísafirði

Viðhengi: Útprentun á bls. 135, 136, 137, 154, 156 og 157 úr Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Mikilvægt er að standa vörð um það námsframboð sem er í dag í sveitarfélagini og efla það eins og kostur er. Gott framboð á margvíslegu námi og fræðslu fyrir almenning hefur veruleg áhrif á búsetuskilyrði og þróun svæðisins.

Mannvirki á Núpi henta vel fyrir skóla- og fræðslustarfsemi, ráðstefnur og fleira þess háttar. Nýting á mannvirkjunum þarf þó að samrýmast þeiri starfsemi sem þar er fyrir, þ.e. ferðalþjónustu og veitingarekstri, fristundabyggð og landbúnaði, eins og fram kemur í töflu 9.1 um skólabyggingar.

9.1.5 Íþróttahús og sundlaugar

Sundlaugar og Íþróttahús eru á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Sundhöllin á Ísafirði er sú elsta í sveitarfélagini en hún var tekin í notkun árið 1945. Sundlaugin sem 16 m löng, nýtist ekki til mótshalda og hentar jafnframt illa til æfinga. Engin sundlauganna í sveitarfélagini er lögleg mótslaug. Á Ísafirði eru tvö Íþróttahús. Annað er í sömu byggingu og sundlaugin en nýrra hús stendur á Torfnesi við hlíð Menntaskóla á Ísafirði. Íþróttahúsið á Suðureyri, sem er það nýjasta í sveitarfélagini, var tekið í notkun árið 2006.

Aðgengi fatlaðra er mjög takmarkað að Sundhöll Ísafjarðar en betra að nýrri laugum og Íþróttahúsum bæjarins.

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins hafi möguleika á skipulagðri Íþróttaiðkun
- Bæta aðstöðu til sundiðkunar á Ísafirði, bæði til þjálfunar og afþreyingar
- Aðgengi verði ávallt tryggt fyrir alla að sundlaugum og Íþróttahúsum bæjarins

Gert er ráð fyrir nýrri sundlaug á Torfnesi sem skal nýtast bæði fyrir Íþróttaiðkun og afþreyingu og hún á að tengjast þeim Íþróttamannvirkjum sem eru á svæðinu. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þar geti risið sundlaugagarður ásamt líkamsréktar- og afþreyingarstöð. Þeirri hugmynd hefur einnig verið varpað fram að frekar ætti að byggja sundlaug í mynni Tungudals og nýta þannig heitt vatn, finnist það á svæðinu. Aðrir kostir þessarar staðsetningar felast í nálagð við útvistarsvæði, s.s. golf- og skíðasvæði og tjaldsvæði. Að auki nýtur sólar lengur við á þessu svæði og umgjörðin er vistleg. Ótvíraður ókostur staðsetningarinnar er þó fjarlægð frá öðrum Íþróttamannvirkjum og skólum.

Bæta skal aðgengi í þegar byggðum Íþróttahúsum og sundlaugum, þannig að þau nýtist öllum íbúum sveitarfélagsins, sbr. kafla 9.3 um félags- og heilbrigðismál.

Tafla 9.1. Skólabyggingar af öllum stigum, Íþróttahús, sundlaugar og tonlistarskófar í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
Þ34 - Leikskólinn Laufás, Þingeyri / 0,2 ha.	Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og effi broska allra nemenda.
Þ27 - Leikskólinn Græningarður á Flateyri.	Öll hönnun miðist við að aðgengi sé fyrir alla að skólanum og annarri þjónustu.
Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.	Skólamir nýti sér nálagðina við náttúruna og sérkenni samfélagsins.
Innan hverfisverndaðs svæðis H11.	Ákvæði hverfisverndar gilda þar sem það á við.
Þ41 - Leikskólinn Tjarnarbær á Suðureyri.	

Tafla 9.1. Skólabyggingar af öllum stigum, íþróttahús, sundlaugar og tónlistarskólar í Isafjarðarbæ. Framhald.

Svæði framhald Grunnskólinn á Suðureyri. Íþróttahús. Útisundlaug. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða.	Ákvæði Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efla broska allra nemenda Öll hönnun miðist við að aðgengi sé fyrir alla að skólanum og annari þjónustu. Skólanir nýti sér nálægðina við náttúruna og sérkenni samfélagsins.
þ22 - Leikskólinn Bakka-skjól í Hnífsdal / 0,4 ha. þ12 - Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús og kafla 9.2.2 um kirkjur og kirkjugarða.	Ákvæði hverfisverndar gilda þar sem það á við.
Svæði [10 - Nýr leikskóli í Dagverðardal, staðsettur innan lbúðarsvæðis.	Ákvæði Áhersla á það að nýta landgæði við uppbyggingu leikskólans, s.s. nálægð við árfarveg, strandsvæði, skógrækt og önnur útvistarsvæði. Nákvæmarri staðsetning útfærð í deiliskipulagi.
Svæði þ35 - Grunnskólinn Þingeyri / 0,7 ha. þ25 - Grunnskóli Ónundarfjarðar / 0,8 ha. Íþróttahús og innisundlaug. þ10 Grunnskólinn á Ísafirði / 1 ha. Tónlistarskóli Ísafjarðar. Íþróttahús og innisundlaug. Jónan hverfisverndaðs - svæðis H8. þ32 - Íþróttahús og innisundlaug á Þingeyri. Hluti af stærra svæði.	Ákvæði Umhverfi stofnananna verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efla broska allra nemenda og íökenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi að byggjungum og þjónustu sé fyrir alla. Skólanir og stofnanirnar nýti sér nálægðina við náttúruna og sérkenni samfélagsins. Ákvæði hverfisverndar gilda þar sem það á við.
Svæði þ13 - Menntskólinn á Ísafirði og leikskólinn Sólborg á Ísafirði. Íþróttahús. Útisundlaug á Torfnesi. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 8.5. um útvist, 9.2.2 um kirkjur, 9.3 um félags-	Ákvæði Svigrúm fyrir aukna uppbyggingu skólans á svæðinu. Uppbyggingu sundlaugarmannvirkja sem nýtast bæði fyrir íþróttaiðkun og afþreyingu. Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efla broska allra nemenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi að skólanum og þjónusta sé fyrir alla.

Tafla 9.1. Skólabyggingar af öllum stigum, íþróttahús, sundlaugar og tónlistarskólar í Ísafjarðarbæ. Framhald.

Svæði framhald	Ákvæði Svigrúm fyrir aukna uppbryggingu skólans á svæðinu. Uppbyggingu sundlaugarmannvirkja sem nýtast bæði fyrir íþróttaiðkun og afþreyingu. Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og eflí þroska allra nemenda. Öll hönnun miðist við að aðgengi að skólanum og þjónusta sé fyrir alla.
Svæði M4 - Háskóli á Ísafirði. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði. Innan hverfisverndaðs svæðis H8.	Ákvæði Framhlíð skólans skal vera við Aðalstræti en aðkoma bíla skal vera frá Sindragötu og/eða Mjósundum. Við Aðalstræti skal byggingin vera tveggja hæða en huga skal að skuggavarpi á aðliggjandi lóðir. Við Sindragötu getur byggingin verið allt að fjórar hæðir. Byggingar skulu taka mið af og vera í sátt við aðliggjandi byggð, sbr. ákvæði hverfisverndarsvæðis H8.
Svæði M4 - Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar. Staðsettur í Edinborghúsini á . Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði. Innan hverfisverndaðs svæðis H8. M4 - Fraðslumiðstöð Vestfjarða. Staðsett í Vestrahúsini. Hluti af stærra svæði, sjá kafla 7.4.3 um miðsvæði.	Ákvæði Efing svæðisins skal vera í samræmi við markmið og skipulagsákvæði miðsvæða í kafla 7.4.3 og ákvæði hverfisverndarsvæðis H8 í þéttbylli í kafla 7.4.4.
Svæði B2 - Núpur í Dýrafirði /15,5 ha. Blönduð landnotkun: Verslunar- og þjónustusvæði, svæði fyrir frístundabyggð, svæði fyrir þjónustustofnanir og landbúnaðarsvæði.	Ákvæði Svigrúm til uppbryggingar skóla- og fraðslustarfsemi.. Einnig er svigrúm til uppbryggingar verslunar og þjónustu, m.a. fyrir ferðamenn, hótelrekstur og veislupþjónustu, sbr. kafla 8.6 um verslun og þjónustu. Jafnframt er gert ráð fyrir uppbryggingu frístundahúsa, sbr. kafla 7.5.4 um frístundabyggð. Auk þess er gert ráð fyrir því að áfram verði stundaður landbúnaður á jörðinni. Sjá nánar í kafla 8.4 um landbúnað.
	Öll uppbrygging á svæðinu skal miða að því að skerða ekki sérstöklu svæðisins og ásýnd þess í heild og hafi tengsl við sögu svæðisins.
	Uppbygging skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útvistarsvæðum eða loka gömlum bæjarleiðum. Uppbygging svæðisins skal nánar útfærð í deiliskipulagi.

Í Tungudal er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu í samræmi við gildandi deiliskipulag. Dalurinn verður nýttur til fjölbreytrar útvistar allan ársins hring. Gönguleiðir í dalnum skulu nýtast á veturna fyrir gönguskiði og á öðrum árstínum til annarrar útvistar, t.d. fyrir skokk og gönguhópa. Gert er ráð fyrir bætri aðstöðu og viðhaldi til iðkunar golfs í Tungudal í Skutulsfirði og Meðaldal í Dýrafirði. Ekki er gert ráð fyrir stækku golfvallarins í Meðaldal en vonast er til að samningur við landgeigendur verði endurnýjaður árið 2015, þegar núgildandi samningur rennur út. Óll hugsanleg uppbygging á golfvellinum verður í samráði við landeigendur.

Styrkjá skal **skíðasvæðið** í Tungudal og gera Ísafjörð að vertrarmiðstöð fyrir gönguskíði á Íslandi með aðstöðu í Seljalandssdal. Skíðasvæðið skal vera leiðandi á sín svíði með bætri aðstöðu. Skíðasvæðið er á svæði sem er á náttúrunuminjaskrá og að hluta til innan vatnsverndarsvæða og skal taka fullt tillit til verndarsjónamiða þeirra við uppbyggingu svæðisins. Til að hámarka upplifun gesta á skíðasvæðunum og vegna öryggis er nauðsynlegt að stýra märkvissat umferð vélknúinna farartækja í nágrenni skíðasvæðisins.

Gert er ráð fyrir bætri aðstöðu fyrir **siglingaþróttir** í fjörunni við Neðstakauptað á Ísafirði. Þar eru góðar náttúrulegar aðstæður og tenging við fyrirhugaða uppbyggingu á safnasvæðinu getur styrkt svæðið í heild, sbr. kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.

Við uppbyggingu íþróttá- og tómtstundamannvirkja skal skoða sem flosta hagsmuni, m.a. ferðabjónustu sem getur nýtt þessi mannvirki. Leita skal leiða til að fá alþjóðlega viðburði í sveitarfélagið og stutt við sérstaka íþróttaviðburði.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fyrir **frístundabúskap** í Engidal í Skutulsfirði og á Söndum í Dýrafirði en að hesthúsahverfið í Hnifsdal verði aflagt. Lögð er áhersla á það að unnið verði deiliskipulag fyrir uppbyggingu svæðanna í heild þannig að nýting þeirra verði sem best, bæði með tilliti til landnýtingar og dýravelferðar. Uppbyggingin verður í samræmi við hættumat fyrir Engidal, sbr. kafla 3.2 um ofanflóð.

Gert er ráð fyrir því að íþróttaaðstöðu Á Torfnesi verði haldið við og endurbætt eftir þörfum þar er jafnframt gert ráð fyrir því að reisa sundlaug, sjá kafla 9.1.5 um íþróttahús og sundlaugar.

Gert er ráð fyrir því að aðstaða fyrir **akstursþróttir** verði í Austmannafallsnámu á Breiðadalsheiði, í þeim hlutum sem efnistöku er lokið. Svæðið sem er þegar raskað, er við gamla veginn yfir Breiðadalsheiði, þannig að aðgengi er gott og ekki um nýtt landbrot að ræða. Þegar efnistöku lýkur á svæðinu skal það eingöngu ætlað fyrir akstursþróttir og skal frágangur námunnar miðast við það. Svæðið er í nokkurri nálægð við svæði sem er á náttúrunuminjaskrá og vatnsverndarsvæði, en er ekki líklegt til að hafa mikil áhrif á verndargildi þeirra. Á Breiðadalsheiði er viðfæðmt útvistarsvæði með göngu- og reiðleiðum og einhing er skotæfingasvæði í nágrenninu. Mikilvægt er að lágmarka hagsmunauárekstra sem geta skapast á milli þeirra sem nýta þetta svæði.

Tafla 10.1.-Almenn útvistarsvæði.

Svæði Ú57 - Dynjandi og nágrenni í Arnarfirði. Náttúrvætti / 210 ha.	Ákvæði Allar framkvæmdir á svæðinu skulu miða að verndun þess. Að óðru leyti gilda reglur um náttúrvætti, sjá kafla 4.1 um náttúruninjar.
Svæði M4 - Silfurorg á Ísafirði. Almenningssvæði og kjarni miðsvæðisins, sjá töflu 7.8 um Ibúðarhverfi.	Ákvæði Skipulagið miðar að því að efla líf á svæðinu. Í nágrenninu er gert ráð fyrir fjölbreytri starfsemi, sbr. kafla 7.4.3 um miðsvæði. Áhersla er lögð á það að skapa aðlaðandi umhverfi í samræmi við ákvæði hverfisvermdar í töflu 7.11. Gott aðgengi verði fyrir alla að svæðinu

Tafla 10.1. Almenn útvistarsvæði. Framhald.

Svæði framhald Ú7 - Snjóflóðavarnarvirkí i Gleiðarhjalla á Ísafirði. Fyrirhuguð varnarvirkí.	Ákvæði <i>Mannvirki skulu fæld að umhverfinu eins og kostur er. Áhersla skal lögð á grenndargrður við uppgreðslu varnarmannvirkja og raskaðs lands. Svigrúm fyrir útvistarsvæði með gönguleiðum, útsýnispóllum bekkjum, kortum og fleira. Lögð skal áhersla á aðgengi fyrir alla þar sem því verður við komið.</i>
Svæði Ú4 - Ofan Holtahverfis á Ísafirði. Ú21 - Svæði inni í varnar- garðinum á Flateyri / 4 ha.	Ákvæði <i>Skipulögð útvistarsvæði tengd snjóflóðavarnargörðum. Framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag.</i>
Svæði Ú30 - Sjóvarnargarður við höfnina á Suðureyri. Ú17 - Sjóvarnargarður við Fjarðarstræti á Ísafirði. Ú11 - Sjóvarnargarður við Pollgötu á Ísafirði.	Ákvæði <i>Svigrúm fyrir gerð göngustígs og aðstöðu til útvistar, s.s. aðgengi að fjóru þar sem því verður við komið. Huga ber að öruggi notenda. Vör við horn Fjarðarstrætis og Sundstrætis verði varðveitt.</i>
Svæði Ú13 - Útvistarsvæði á Suðurtanga á Ísafirði / 2,5 ha.	Ákvæði <i>Áhersla verði á aðlaðandi umhverfi til mótvægis við iðnaðarsvæði í næsta nágrenni. Aðgengi að fjóru verði tryggt. Taka skal tillit til hindranaflatar Ísafjarðarflugvallar, sbr. kafla 12.8 og mynd 12.1.</i>
Svæði Ú22 - Útvistarsvæði á Sólakka í Önundarfirði. Bótin og nágrenni hennar austan snjóflóðagarðsins. Hluti svæðisins er á hverfisverndarsvæði #19.	Ákvæði <i>Svigrúm til uppbryggings útvistarsvæðis á og við Bótina. Uppbyggjingin skal tengjast sögu svæðisins. Svæðid er að hluta á hverfisverndarsvæði og gilda því ákvæði verndarinnar á því svæði, sbr. kafla 7.4.4 um hverfisvernd í þéttbýli.</i>

Tafla 10.2. Íþróttasvæði.

Svæði Ú14 - Skipagöturóló á Ísafirði / 0,05 ha. Ú3 - Leiksvæði í Holtahverfi. Hluti af stærra svæði. Þ21 - Leiksvæði í Hnífsdal / 0,2 ha.	Ákvæði <i>Leiksvæði skulu vera þroskandi og stuðla að góðri hreyfingu fyrir fjölbreyttan hóp notenda. Leiktæki skulu vera í viðunandi ástandi.</i> <i>Áhersla skal vera á gróðurnotkun á leiksvæðum. Varðveita skal náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er. Tryggja skal öruggt aðgengi fyrir alla og styrkja tengsl á milli svæða.</i>
--	---

Tafla 10.2. Íþróttasvæði. Framhald.

Svæði, framhald	Ákvæði
M2 - Leiksvæði við Aðalstræti á Suðureyri / 0,05 ha.	Leiksvæði skulu vera þroskandi og stuðla að góðri hreyfingu fyrir fjölbreyttan hóp notenda. Leiktæki skulu vera í viðunandi éstandi.
Önnur leiksvæði í eldri hverfum.	Áhersla skal vera á gróðurnotkun á leiksvæðum.
Ný leiksvæði á ibúðarsvæðum.	Varðveita skal náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er. Tryggja skal öruggt aðgengi fyrir alla og styrkja tengsl á milli svæða.

10.1 Hverfisvernd - skrúðgarðar

Garðarnir Austurvöllur, Jónsgarður, Simsonsgarður og Skrúður mynda sérstæða heild sem er merkileg í garðlistasögu þjóðarinnar. Saga garðlistar á Íslandi er stutt og geta fáir aðrir landshlutar státað sig af svo merkum görðum. Segja má að Skrúður sé faðir íslenskra skrúðgarða en hann var vígður árið 1909 og verður því 100 ára í upphafi skipulagstímabilsins. Talið er vist að hugtakið skrúðgarður sé dregið af nafni garðsins, þ.e. Skrúður. Garðurinn er mjög mikilvægur í sögu íslenskra garðlistar en hann ber sterkt einkenni klassískra garða í Evrópu á 16. og 17. öld. Framkvæmdasjóður Skrúðs fer með rekstur garðsins fyrir hönd sveitarfélagsins. Garðurinn á Austurvelli er einn fyrsti garður landsins sem er hannaður af landslagsarkitekti.

Stefna

Markmið

— Að viðhalsa og vernda skrúðgarða í sveitarféluginu

Til að ná ofangreindu markmiði eru garðarnir hverfisverndaðir. Lögð er áhersla á það að verndin nái til garðanna sem garðlistasögulegrar heilda. Mikilvægt er að öllum görðunum verði haldið við í samræmi við upphafleg markmið þeirra.

Tafla 10.4. Hverfisverndarákvæði fyrir skrúðgarða.

Svæði	Ákvæði
H17 - Austurvöllur, opnaður 1954 / 0,2 ha.	Altí viðhald skal miða við að varðveita garðinn í samræmi við upphafleg markmið hans.
H16 - Jónsgarður, opnaður 1922 / 0,4 ha.	Óheimilt er að skerða umfang garðsins.
H15 - Simsonsgarður, opnaður 1928 / 0,3 ha.	Allar endurbætur og hugsanlegar viðbætur skulu vera í samræmi við upprunalegan stíl garðsins.
H14 - Skrúður, vígður 1909 / 0,3 ha. Skrúður er 100 ára árið 2009 og telst þær með til formrinja, skv þjóðminjaverndarlögum.	Tryggja skal gott aðgengi að garðinum.